

BRÝNIÐ

3. árg. 4. tdl

Fréttablað Félags áhugamanna um trúskurð

nóv. 1998

Aðalfundur FÁT 1998

Aðalfundur FÁT 1998 var haldinn á Hótel Scandia (Loftleiðum) 14. október s.l. Þetta var 4. aðalfundur félagsins, en hann var tiltölulega fámennur. Á fundinum var Evert kjörinn fundarstjóri og Vilhjálmur fundarritari. Gengið var til aðalfundastarfa. Evert las skýrslu formanns og stjórnar. Vilhjálmur las fundargerð aðalfundar frá síðasta ári. Sveinbjörn gerði grein fyrir fjárhagsstöðu og ársreikningi félagsins og var fyrrgreint samþykkt af félagsmönnum. Þá var gengið til kostningar stjórnarmanna. Evert kvaðst ekki myndi gefa kost á sér til áframhaldandi starfa sem formaður og Stefán óskaði eftir að taka sér fri frá störfum.

Á fundinum voru eftirtaldir kostnir í stjórn:

Vilhjálmur Siggeirsson, formaður, Bjarni Þór Kristjánsson, Halldór Vilhelmsen og Jón Adólf Steinólfsson.

Töluverðar umræður voru á fundinum um starfsemi félagsins og skyld mál. Þá var ákveðið að lækka félagsgjaldið í kr. 1.500.

Nýkjörin stjórn kom saman til stjórnarfundar

4. október s.l. og skipti með sér verkum. Vilhjálmur, formaður (kjörinn á aðalfundi), Bjarni Þór, varaformaður, Sveinbjörn, gjaldkeri, Halldór, ritari, Jón Adólf, meðstjórnandi. Á fundinum var starfsemi félagsins rædd og dagskrá vetrarins ákveðin.

Frá formanni

Í upphafi er rétt að þakka sérstaklega fráfarandi formanni Evert Kr. Evertssyni fyrir giftudrjúg og óeigingjörn störf í þágu félagsins á fyrstu árum þess ásamt Stefáni Erlingssyni, en þeir gengu báðir úr stjórn á aðalfundi nýlega. Jafnframt eru nýkostnir stjórnarmenn boðnir velkomnir til starfa, þeir Bjarni Þór Kristjánsson og Halldór Vilhelmsen.

Starfsemi félagsins hefur verið í tiltölulega föstum

farvegi. Aðaláherslur í starfseminni hefur verið útgáfa fréttablaðsins og sýningar á útskurði félagsmanna. Ennfremur hafa verið starfandi nefndir á vegum félagsins. Þá réðst félagið í að fá Ian Norbury til landsins til námskeiðahalds í trúskurði. Félagið mun áfram starfa í þessum anda og í samræmi við tilgang félagsins.


Í veturnar verður tekin upp sú nýbreytni að halda fundi eða "opni hús" þar sem ákveðið fundarefnini verður á dagskrá, en hægt verður að huga að sameiginlegum áhugamálum og spjalla yfir kaffibolla. Fyrsta "opna hús" vetrarins verður haldið 30. nóvember n.k. og verða þá skoðuð myndbönd og bækur um trúskurð sem félagsmenn koma með með sér. Eru félagsmenn hvattir til að fjölmenna og taka með sér nýja félagsmenn. Sjá nánar í dagskrá Fréttablaðsins.

Þá eru félagsmenn minntir á heimasíðu félagsins og í því sambandi eru ábendingar og hugmyndir vel þegnar og má koma þeim á framfæri við stjórnarmenn. Æskilegt er að koma á fót sérstakri vefnefnd til að vinna að frekari útfarslu heimasíðunnar, s.s. að koma upp munstursafni og fl.

Með þessu blaði eru sendir gíroseðlar til félagsmanna. Árgjald til félagsins hefur verið lækkað í 1.500 krónur og eru félagsmenn hvattir til að gera skil hið fyrsta.

Að lokum er bent á það, að stjórnin hefur haldið einn stjórnarfund frá aðalfundi og sett upp dagskrá vetrarins. Félagsmenn eru hvattir til að senda Fréttablaðinu stuttar greinar um trúskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félag verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru.

Með kveðju,
Vilhjálmur Siggeirsson



Dagskrá vetrarins

I. Bóka-og videókvöld, spjall

Sýnd verða myndbönd um tréskurð. Ennfremur verða sýnd myndskieð frá vorsýningum félagsins og af tréskurðarnámskeiðum. Félagsmenn komi með áhugaverða tréskurðarbók (bækur) sem þeir eiga í fórum sínum og sýni öðrum. Kaffi og spjall.

Fundurinn er haldinn mánudaginn 30. nóvember n.k. kl. 20:00 í kaffiteríu ÍSÍ við hlið Íþróttahallarinnar í Laugardal.



II. Brýningarkvöld og spjall

Sýndar verða aðferðir við að brýna útskurðarjárn. Ennfremur verður sýnt myndband um brýningar. Bjarni Þór ætlar að leiðbeina félagsmönnum.

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 15. febrúar 1999 kl. 20:00 á sama stað og að ofan.

III. Söluaðilar á efni, verkfærum og bókum til útskurðar kynna vörur sínar.

Kaffi og spjall.

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 15. mars n.k. kl. 20:00 á sama stað og að ofan.

IV. Vorsýning félagsins 1999

Vorsýningin verður væntanlega haldin í apríl í Safnaðarheimili Háteigskirkju v/ Háteigsveg. Verður sýningin vegleg og til hennar vandað sem fyrr. Greint verður nánar frá henni í næsta fréttabréfi FÁT.

Félagmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka þátt í félagsfundum á vegum Félags áhugamanna um tréskurð. Munið dagsetningar fundanna á árinu 1999. Þá er gott að huga tímanlega að útskornum munum og verkum fyrir vorsýninguna

Hluti af dyraumbúnaði stafkirkju á Hylestad, Setesdal í Noregi.
(1200-1250)

Afslættir til félagsmanna FÁT

Húsasmíðjan hf.	10%	Efnagerð Laugarness	15%
Ingþór Haraldsson hf.	10%	Sögin hf.	10%
Verslunin Brynja	10%	BYKO	12%



Ritstjórn: Jón Adólf Steinólfsson, Friðgeir Guðmundsson, Vilhjálmur Siggeirsson Umbrot: Samvil ehf

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkhlið 32
105 Reykjavík
Heimasiða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.islandia.is/~treskurd>

Halldór Kr. Vilhelmsson,
Furulundi 10,

210 GARDABÆR